

Fresturinn útrunninn

FRESTUR fyrir umsóknir um menningarborg Evrópu árið 2000 er útrunninn. Ríkisstjórn Íslands lagði inn umsókn fyrir hönd Reykjavíkurborgar og er Reykjavík þar komin í hóp borganna Avignon, Helsinki, Prag, Bologna og Rotterdam auk annarra.

Guðrún Ágústsdóttir forseti borgarstjórnar sagði á blaðamannafundi í tilefni umsóknarinnar að borgarþáttar gætu verið fullsæmdir af umsókninni enda væri Reykjavík menningarborg og ætti útnefningu fyllilega skilið. Vitnaði hún m.a. í úttekt Tryggva Þórhallssonar á menningarþátttöku borgarþáttar sem er, samkvæmt henni, meiri en gerist og gengur í nágrannalöndunum.

Nefnd innan ESB tilkynnir um útnefningu fyrir lok þessa árs en líkur eru á að fleiri en ein borg verði fyrir valinu.

Djasshátíð Egilsstaða

Egilsstaðir. Morgunblaðið.

DJASSHÁTÍÐ Egilsstaða var sett á fimmtudagskvöld. Við það tækifæri lék Tórshavn Stórband frá Færejyum. Ennfremur kom Arnisdjasskórinn fram það kvöld. Hátíðin er haldin í Valaskjál og stendur í fjóra daga.

Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt og koma margir góðir listamenn fram. Danski fiðlusnillingurinn Finn Ziegler leikur með Eyþóri Gunnarsyni, Þórði Högnasyni og Einari Val Scheving, Stórsveit Reykjavíkur verður með söngvurunum Ragnari Bjarnasyni og Ellý Vilhjálms. Djassband Hornafjarðar með Ragnheiði Sigjónsdóttur. Ennfremur koma fram Dixielandhljómsveit Björns R. Einarssonar, Blúsband Garðars Harðarsonar, Arnisdjasskórinn og hljómsveitin Bergmál.

„Dægurflugur“ í Greip

GUÐNI Harðarson opnar myndlistarsýningu í Galleri Greip að Hverfisgötu 82, fimmtudaginn 6. júlí kl. 17. Sýningin ber yfirskriftina „Dægurflugur“. Til sýnis verða nýjar akrýlmýndir um dægurtónlist eftir vaxandi eða stórar stjórnur, t.d. Sheryl Crow, Black, Madonna, Rolling Stones, John Lennon o.fl.

Guðni er fæddur í Reykjavík og stundaði nám í Menntaskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands og við Háskólann í Wales. Eftir að Guðni lauk námi hefur hann unnið erlendis, fyrst að landbúnaðarrannsóknnum við Háskólann í Minnesota og síðastliðinn 15 ár hjá Sameinuðu þjóðunum í Austurríki.

Guðni er búsettur í Baden í Austurríki og er sjálfmenntaður í myndlist. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga. Umhverfismál voru efni flestra verkanna sem sýnd voru á fyrri sýningum en sýningin í Galleri Greip er sú fyrsta þar sem ný myndaröð um dægurtónlist er sýnd.

Sýningin stendur yfir til 19. júlí og er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18.

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

ÍSLENZK MYNDLIST

Opið frá 10-18 alla daga. Til 10. september. Aðgangur 300 krónur.

Það telst hárrétt framkvæmd að kynna listaverkakeign borgarinnar í öllu rými Kjarvalsstaða yfir hásumarið, og ætti að vera árviss viðburður, verðskulda drjúga athygli borgarbúa og gesta hennar. Jafnframt er ástæða til að fara ofan í saumana á slíkum framkvæmdum til að skapa umræðu (dialogu) og vísa ég hér til almennrar kynningar fjölmiðla, en svo virðist sem myndlistin sé hálfgerð hornreka hvað eðlilega faglega og skipulagða umfjöllun snertir, sem er engan veginn í takt við nútímann.


Vænlegri auglýsingu um stöðu íslenskar sjónmennta getur vart, því skráð eru hátt í 11.000 listaverk í eigu borgarinnar, sem að meginhluta til eru á við og dreif í stofnunum og skrifstofum, svo ætla má að af nógu sé að taka.

En að nefna eina slíka ófullkomna samantekt á breiðum grundvelli „yfirlitssýningu“ er óraunhæft, því Kjarvalsstaðir rúma að sjálfsögðu ekki nema brotabrot eignarinnar þannig að hugtakið yfirlit á hér naumast við. Stikkprufa eða úttekt telst nærtækari skilgreining yfir framkvæmdina, því hún er um margt handahófskennd. Hins vegar kæmist árviss uppstokkun nær hugtakinu og leggja mætti áherslu á afmarkaða þætti eignarinnar að hluta til á hverri sýningu og umfram allt væri vit í því að búa betur að kynningunni. Fyrst og fremst með því að staðla handhægt rit eða sýningar-skrá, sem gæfi smám saman upplýsingar um alla þætti eignarinnar og væri jafnframt kynning á listamönnum. Fá hér ýmsa til að leggja hönd á plóginn er gerst þekkja til ákveðinna tímabila, þannig að úr verði sem hlutlægast mat á þróuninni. Þeim peningum, er færu í slíkt, væri vel varið og myndu ófæð skila sér í fyllingu tímans og mun fremur en veglegar skráir um afmarkaðar kynningarsýningar einstaklinga, þótt þær séu góðra gjalda verðar.

Þetta telst veigur stefnumarkana erlendis, þótt slíkt mæti alltof oft afgangi hérlandis til óbætanlegs skaða er fram líða stundir og heimildarmenn horfnir af vettvangi. Kynning á innlendra list er það sem erlendir leggja höfuðáherslu á og sýna mestu virkt, eins og ég hef margoft vísað til og dæmin sanna. Það sem er að gerast næst okkur hlýtur að vera mikilvægast og það er augljóst merki minnimáttar-kenndar og ósjálfstæðis, að álíta að allt hið besta komi utan frá og að innlent skuli mæta afgangi. Allt annað mál er, að við eigum að fylgjast með því sem skeður vítt og breytt úti í hinum stóra heimi, ekki einung-

LISTIR

Sumarsýning



Morgunblaðið/Golli

FRÁ Sumarsýningunni á Kjarvalsstöðum. Fremst er rýmisverk eftir Sóleyju Eiríksdóttur.

is afmörkuðum þætti þess sem telst í náðinni hverju sinni, síður láta það gleypa okkur né alfarið varða veginn um gjörðir vorar og hugsunarhátt.

Við höfum átt og eigum svo marga ágæta myndlistarmenn, að engin ástæða er til minnimáttar-kenndar, en mun frekar að lyfta því sem við höfum á stall og halda því einarðlega fram. En það er ekki hægt án aðstoðar fjölmiðla og skilnings á gildi þess að sérmenntun og þekking sé í heiðri höfð, að fljótfærnisleg og handhófskennd vinnubrögð beinlínis vinna gegn heilbrigðri dögungu íslenskrar menningar á öllum sviðum.

Að sjálfsögðu eiga svo listastofnanir að varða veginn um fagleg og vönduð vinnubrögð, en það er ekki hægt að segja að öllu leyti um framkvæmdina á Kjarvalsstöðum. Hér eru á einum stað ýmsir þættir íslenskrar myndlistar, sem annars eru í hirslum safnsins eða á veggjum aðskiljanlegra stofnana borgarinnar, og mun tilgangurinn að stórum hluta vera að auðvelda útendum að nálgast þá vítt og breitt. Ekkert fær gesturinn á milli handanna nema einblöðunga, þar sem hlaupið er yfir söguna, og er hinn útlendi listvinur öðru vanur er slíku samsafni eru gerð skil heimaslóðum. Ekki telst það vænlegt til vegaþauka íslenskrar listar, er umbúðir um hana samsvara þriðja flokks sýningum erlendis og ber vott um takmarkaðan metnað fyrir hennar hönd.

Hins vegar væri þetta réttlætangel, ef að fyrir lægi veglegt rit á nokkrum tungumálum er kynnti á hlutlægan hátt listaverkakeign borgarinnar og sýningin væri kynnt sem brotabrot hennar.

Yfirlitssýning er stórt orð að standa við, einkum þegar flestir eiga einungis eitt verk á henni og eru að auk ákaflega misvel kynntir þar. Sumir mjög vel en dæmin um hið

gagnstæða eru of mörg, einkum í ljósi þess að nærtæk voru mun mikilvægari verk eftir viðkomandi og þá helst eldri kynslóðir. Að sjálfsögðu skal fyllsta virðing borin fyrir mati og skoðunum annarra, en hvað réttlætir til dæmis að kynna 25 ára gömul æskuverk bræðranna Kristjáns og Sigurðar Guðmundarsona við hlið eins nýjasta og ferskasta verks, sem í langan tíma hefur komið frá félaga þeirra, Hreini Friðfinnsyni? Eða vera með eitt lítið málverk eftir Eirík Smith sem traðlega gefur hugmynd um það besta sem hann gerði á þessu tímabili? Eða að ekkert málverk er eftir þann ágæta málara, Brynjólf Þórðarson frá Bakkakoti á Seltjarnarnesi (1896-1938), en rýnirinn hafði haft fregnir af athyglisverðri sjálfsmynd hans, sem væri á leið á veggi sýningarinnar ásamt litlu landlagsmálverki. Má um leið vísa til þess, að í raun hefur þessi málari aldrei verið kynntur sem skyldi, þrátt fyrir tvær yfirlitssýningar á mikið til sömu myndunum og hvers á hann að gjalda? Þá eru engin verk eftir þá bræður Benedikt og Veturlíða Gunnarssyni, sem voru mjög atkvæðamiklir á sjötta og sjöunda áratugnum og virkir ennþá, en hér eru þeir einfaldlega úrskurðaðir ekki til á yfirborði jarðar. Þá eru frekar atkvæðalítill verk eftir nokkra framsækna málara í ljósi þess hve miklu betur þeir hafa gert.

Svo er líka annað, að það er misvísandi hugsunarháttur að álíta, að söguna sé hægt að segja með aldursgreiningu. Listasagan hefur einfaldlega aldrei verið þjökkuð af kynslóðabílum og eldri listamenn hafa gert fersk og ný verk ekki síður en ungir og margir hefur endurnýjað listina á gamals aldri. Þá hafa athugulir tekið eftir því, að sumar myndanna þarfnast andlitslýftingar, umbúðir lúnar og slitnar og hreinsa hefði mátt ryk og kusk af einstök-

um. Yfirfara þarf hvert einasta verk sem valið er á slíka sýningu. Ljósu punktarnir eru hins vegar margir og er jafn skylt að draga þá fram og hina og einkum er uppörvandi að sjá listiðnaðinn og hve málverkinu eru gerð góð skil af yngri kynslóðum. Það er svo erfitt að skilja hví þetta fólk situr ekki við sama borð og hugmyndafræðilega liðið þegar íslensk list er kynnt erlendis. Þá er margt ágætra verka á sýningunni og aðsóknin í þau mörgu skipti, sem ég hef verið á vettvangi, staðfestir að fólk kann að meta slíkt framtak. Almennir getur að öllu samanlögðu haft mikið gagn af skoðun sýningarinnar, þótt sagnfræði hennar sé full óburðug.

Samantektin gefur naumast til efni til að fara faglega í saumana á íslenskri listþróun og það væri í hæsta máta óréttlátt að fara í nokkra tegund samanburðarfræði jafn misgóð verk og hér eru dregin fram í dagsljósið.

Sithvað situr eftir og sérstaka athygli vakti hve sum verkanna nutu sín vel og hef ég þegar nefnt mynd Hreins Friðfinnssonar, þá hef ég ekki í annan tíma séð hinn stóra vasa Kolbrúnar Björgúlfssdóttur njóta sín betur og höggmynd Gerðar Helgadóttur kom á óvart fyrir samþjappaðan frumkraft. Sérstætt málverk Einars Þorlákssonar féll merkilega vel að verkunum í kring og það er eins og bjarmi af nýrri öld í elstu mynd sýningarinnar eftir Þórarín B. Þorláksson frá 1891. Í vestri sal vöktu helst athygli mína stór og vel máluð mynd Tuma Magnússonar og pappírsverk Svövu Björnsdóttir eru það hrifmesta sem ég hef séð frá hennar hendi. Einna mest kom á óvart hve kristalstær og sjálfsprottin mynd Stórvaks naut sín vel innan um framúrstefnuverkin. Hinir yngstu, svo sem Sigurður Árni og Birgir Snæbjörn, staðfesta svo að kreppan í málverkinu er léttvægur tilbúningur.

Að lokum þykir mér brynt að taka fram, að það er algjör misskilningur sem fram kom hér í blaðinu varðandi almenna kynningu á sýningunni, „að undirtektirnar hafi ekki verið mjög góðar er Svavar Guðnason (sem þá var búsettur í Kaupmannahöfn) hélt sína fyrstu sýningu á abstraktlist í Reykjavík 1945“. Allar heimildir segja annað, því menn voru merkilega opnir fyrir þessum nýju viðhorfum frá útlöndinu og sýningin vel sótt. Til viðbótar byggði hún upp orðstír og frama Svavars á Íslandi, svo sem sagan er til vitnis um. Deilurnar, sem upp risu, hófust er framsækni innlendir listamenn ánetjuðust óhlutbundinni listsköpun og hófu umsvif á sýningarvettvangi, sbr. Septembersýninguna 1947. Það var þá sem fjandinn væri laus, allir þúkar miðalda komnir á kreik, enda helguðust sannindin nýju þá ekki upphöfum ljóma fjarlægðarinnar!


Bragi Ásgeirsson

Verk Vermeers „fengið að láni“

Á ÍRSKA listasafninu í Dyflinni hangir nú uppi mynd, sem hefur í tvígang verið „fengin að láni“ á síðustu tólf árum. Í fyrra skiptið var að verki hópur félaga úr Írska lýðveldishernum, í síðara skiptið menn eins helsta „guðföðurins“ í Dyflinni, Martin Cahill. Myndin sem um ræðir er eftir hollenska málara Vermeer og kallast „Kona skrifar bréf“.

Eigandinn, Sir Alfred Beit, fyrrum þingmaður, bjó í Russborough House, þegar IRA-menn réðust inn til hans árið 1974, bundu og kefluðu hann og konu hans og tóku verkið ásamt átján öðrum dýrgripum. Myndirnar fundust mánuði síðar og var skilað til síns heima. Öryggiskerfið var hert en árið 1986 tókst hópi þjófa að sigrast á því og höfðu þeir á brott með sér 24 myndir, þar af Vermeer-myndina og tvær myndir eftir Metsus.

Að því er segir í *The Daily Telegraph*, var í fyrstu talið að IRA hefði enn á ný verið á ferðinni en raunin var sú að Cahill stóð að baki ráninu. Svo kaldhæðnislega vill til að hann varð síðasta fórnarlamb IRA áður en samtökin lýstu yfir vopnahléi. Fljótlega kom upp listrænn ágreiningur í hópi þjófanna, sem hefur ef til vill þótt verkin of mikilfengleg fyrir íbúðir sínar, og fundust sex þeirra í síki skómmu síðar. Þar á meðal var verk eftir spænska meistarann Velazquez. Hin verkin átján voru geymd uppi á háalofti í Dyflinni í fjögur ár áður en þau voru flutt út fyrir landsteinana og sold. Eitt verkanna, eftir Goya, fannst í Istanbul 1991, verk eftir Gainsborough í London 1992 og tólf mánuðum síðar sást til Rubens-verks í Hertfordshire. Verk eftir Palmadez kom í ljós í geymslu-



skáp á Euston-lestarstöðinni stuttu síðar og Vermeer-verkið, auk verka eftir Goya og Mestus, fundust í Belgíu en talið er að þau hafi verið seld til að fjármagna kaup á heróíni.

Það kom svo í hlut Liams Hogan, lögreglumanns að gæta verkanna á leiðinni heim til Írlands, en faðir hans tók þátt í að endurheimta Vermeer-verkið er því var stolið í fyrra skiptið.